



Vopnafjarðarhreppur

Sigurður Jónsson

Hamrahlíð 15

690 Vopnafjörður

Garðabær, 11.6.2025

Málsnúmer: 202505-0048/0053

IAS

Efni: Veiðihús fyrir Hofsá í landi Einarsstaða. Breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag.

Vísað er til tveggja erinda frá Vopnafjarðarhreppi, frá 28. maí 2025, þar sem óskað er umsagna Náttúrufræðistofnunar um breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag vegna veiðihúss fyrir Hofsá í landi Einarsstaða.

Til stendur að stofna lóð í landi Einarsstaða vegna byggingar veiðihúss og bætt verður við verslunar og þjónustuvæði með auðkennið VP5. Um er að ræða gisti- og veitingaþjónusta með gistirými fyrir allt að 25 manns. Hámarksbyggingarmagn verður samtals 1.300 m². Hámarkshæð bygginga verður 10 m frá aðkomuhæð. Við hönnun á mannvirkjum skal leggja áherslu á að þær falli vel að umhverfi sínu. Nýta skal landhalla og landmótun til að draga úr áhrifum af breyttri ásynð á landið. Við frágang á yfirborði skal gæta þess að ofanvatn sé leitt frá mannvirkjum ofanjarðar og komist leiðar sínar niður að Hofsá. Notast skal við staðargróður eins og hægt er. Óheimilt er að planta framandi ágengum plöntutegundum. Ganga skal frá efnistökusvæðum að efnistöku lokinni með það í huga að frágangur þeirra verði „endanlegur“ því langur tími getur liðið þar til frekari efnistaka verður. Efnistökusvæðum sem ekki stendur til að nota aftur skal græða upp með staðargróðri. Óheimilt er að planta framandi ágengum plöntutegundum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér breytingarnar og tillögur að nýju deiliskipulagi og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Skipulagssvæðið er utan verndarsvæða en samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er nokkuð votlendi á lóðinni og er mikilvægt að veiðihúsinu verði fundinn staður innan lóðar þannig að votlendinu verði hlíft eins og hægt er. Þá er jákvætt að skýrt sé tekið fram að óheimilt sé að planta ágengum framandi plöntutegundum, bæði við frágang á lóðinni og við frágang á efnisnánum.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur